

## Fyrirspurn

til efnahags- og viðskiptaráðherra um skuldamál lítilla og meðalstórra fyrirtækja.

Frá Einari K. Guðfinnssyni.

1. Hvað er áætlað að mörg fyrirtæki muni fara á svokallaða „beina braut“ sem er samkomulag um úrvinnslu skuldamála lítilla og meðalstórra fyrirtækja til þess að flýta fjárhagslegri endurskipulagningu þeirra?
2. Hversu mörg fyrirtæki eru nú til meðferðar á grundvelli „beinu brautarinnar“ hjá einstökum bankastofnunum?
3. Hvað líður úrvinnslu skuldamála þessara fyrirtækja og hvenær má ætla að afgreiðslu mála þeirra verði lokið í bönkum og fjármálastofnunum?
4. Verður viðlíka úrræðum beitt gagnvart fyrirtækjum sem skulda meira en 1 milljarð króna?